



Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Nýtt sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 1. september 2016 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áformað er að setja upp nýtt sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða norðan Mývatns. Stefnt er að því að koma upp móttöku- og flokkunarsvæði fyrir úrgang til brottflutnings og endurvinnslu við Þjóðveg 1 norðan afleggjara að Rönd suðaustan við Bæjaröxl. Svæðið verður afgirt og vaktað með ákveðnum opnunartíma, um 2.200 m² að stærð í fyrsta áfanga með stækkunarmöguleika í allt að 4.000 m²

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 2. september til og með föstudeginum 14. október 2016. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps:

[http://www.myv.is/Stjornsyslan/Skipulagsmal/Aðalskipulag/Tillögur í auglýsingu](http://www.myv.is/Stjornsyslan/Skipulagsmal/Aðalskipulag/Tillögur%20í%20auglýsingu)

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 14. október 2016. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjálín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.